

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2025 í máli nr. 152/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Heiðrún Björk Gísladóttir, Hildur Leifsdóttir og Hildur Ýr Viðarsdóttir.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 4. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum 464.292 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess að lögreglan afhendi honum skriflega yfirlýsingu á því hver hafi verið tjónvaldur í máli þessu. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með bréfi, dags. 5. nóvember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust þann sama dag. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust degi síðar og athugasemdir varnaraðila þann 18. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, leigusamningur aðila ásamt skilmálum, tjónaskýrsla, dags. 29. janúar 2024, staðfesting á greiðslu sóknaraðila til varnaraðila, dags. 29. janúar 2024, tjónamat [...], dags. 1. febrúar 2024, afrit af tölvupóstum sóknaraðila til varnaraðila og myndbönd sóknaraðila.

Með bréfi, dags. 8. september 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Að gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...], hjá varnaraðila, frá 28. janúar til 2. febrúar 2024. Að kvöldi fyrsta dags leigunnar var keyrt aftan á leigubifreiðina með þeim afleiðingum að stuðari hennar beyglaðist. Sóknaraðili óskaði eftir aðstoð lögreglu en að sögn sóknaraðila hafi sá ökumaður sem olli árekstrinum yfirgefið staðinn áður en lögreglan mætti. Hafi lögregla ritað skýrslu vegna árekstursins og kveðst sóknaraðili hafa upplýst varnaraðila strax um stöðu mála. Degi síðar undirritaði sóknaraðili tjónaskýrslu (e. damage report) hjá varnaraðila og krafði varnaraðili hann um greiðslu að fjárhæð 464.292 krónur sem sóknaraðili greiddi á staðnum.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki verið valdur að árekstrinum og eigi því ekki að bera ábyrgð á tjóni á bifreiðinni. Þá vísar hann til þess að við undirritun tjónaskýrslunnar hafi varnaraðili krafist þess að sóknaraðili myndi reiða af hendi innborgun inn á viðgerðarkostnað vegna tjónsins og fullyrt að innborgunin yrði endurgreidd honum ef í ljós kæmi að sóknaraðili hefði ekki verið valdur að

árekstrinum. Kveðst sóknaraðili hafa leitað til lögreglunnar áður en hann fór af landi brott þann 2. febrúar 2024 og hafi lögreglan gefið til kynna að ökumaður hinnar bifreiðarinnar væri ábyrgur fyrir árekstrinum. Hafi lögreglan hins vegar ekki afhent sóknaraðila lögregluskýrslu vegna málsins.

Sóknaraðili kveðst ítrekað hafa óskað eftir upplýsingum um framvindu málsins frá varnaraðila. Einnig hafi sóknaraðili sent varnaraðila myndbandsupptökur og ljósmyndir af vettvangi til að auðvelda úrvinnslu málsins. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili hins vegar ekki enn endurgreitt honum innborgunina. Þá hafi varnaraðili ekki orðið við beiðni sóknaraðila um að afhenda honum staðfestingu á greiddum viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar. Loks liggja ekkert fyrir um að viðgerð hafi átt sér stað á bifreiðinni. Krefst sóknaraðili því þess að varnaraðili endurgreiði honum hina greiddu fjárhæð, alls 464.292 krónur.

Röksemdir sóknaraðila varðandi kröfu hans um að lögregla afhendi honum lögregluskýrslu vegna málsins lúta að því að sóknaraðila sé nauðsynlegt að fá það gagn afhent til að varpa ljósi á málið og renna stöðum undir málalíbúnað hans gagnvart varnaraðila og tryggingarfélagi hans.

Varnaraðili vísar til þess í andsvörum sínum að unnið sé að tjónamati fyrir sóknaraðila. Þá vísar varnaraðili til þess ökumaður bifreiðarinnar sem keyrði aftan á leigubifreið sóknaraðila hafni sök.

#### IV

#### Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í reglugerð nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra bifreiða.

#### V

#### Niðurstaða

Sóknaraðili tók á leigu bifreið hjá varnaraðila dagana 28. janúar til 2. febrúar 2024. Á fyrsta degi leigutímans lenti sóknaraðili í árekstri sem leiddi til þess að tjón varð á afturstuðara leigubifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila hafi ökumaður hinnar bifreiðarinnar horfið af vettvangi áður en lögregla mætti og því hafi lögregluskýrsla aðeins verið tekin af sóknaraðila. Upplýsti sóknaraðili varnaraðila umsvifalaust um áreksturinn. Þann 29. janúar 2024 undirritaði sóknaraðili tjónaskýrslu hjá varnaraðila. Að kröfu varnaraðila greiddi sóknaraðili 464.292 krónur sem innborgun inn á viðgerðarkostnað vegna bifreiðarinnar þann sama dag. Kveður sóknaraðili að varnaraðili hafi fullyrt við hann að sá kostnaður yrði endurgreiddur þegar í ljósi kæmi að sóknaraðili ætti ekki sök á árekstrinum. Hafi sá kostnaður enn ekki verið endurgreiddur. Sóknaraðili telur sig ekki bera ábyrgð á umþrættu tjóni á bifreiðinni

og krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér innborgun vegna mögulegs viðgerðarkostnaðar.

Samkvæmt tjónaskýrslu varnaraðila (e. damage report), dags. 29. janúar 2024, var viðgerðarkostnaður vegna árekstursins metinn að fjárhæð 464.292 krónur.

Í framlögðu tjónamati fyrirtækisins [...], dags. 1. febrúar 2024, er áætlaður kostnaður við viðgerð að fjárhæð 464.292 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Kostnaður vegna viðgerðarinnar var sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

	<u>Time</u>	<u>Rate/price</u>	<u>Amount</u>
„Repair time:	8.40	17.500	147.041
Spar parts:		317.251	317.251“

Samkvæmt fyrrnefndri tjónaskýrslu varnaraðila, dags. 29. janúar 2024, hafði varnaraðili þegar metið fyrirhugaðan viðgerðarkostnað vegna tjónsins sama dag og sóknaraðili skilaði bifreiðinni. Ekki liggur fyrir hver stóð að baki kostnaðarmati á viðgerðarkostnaðnum þann dag eða hvaða forsendur lágu þar að baki. Samkvæmt tjónamati [...] var bifreiðin afhent til skoðunar hjá fyrirtækinu 1. febrúar 2024 eða þremur dögum eftir að tjónaskýrsla var skrifuð og var áætluð fjárhæð viðgerðarkostnaðar sú sama og sóknaraðili hafði verið krafinn um. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin í tvígang eftir upplýsingum frá varnaaðila um hvort viðgerð hefði farið fram á leigubifreiðinni. Þá óskaði nefndin eftir því að varnaraðili legði fram staðfestingu á greiðslu reiknings vegna viðgerðar til að varpa ljósi á raunverulegt fjártjón sitt vegna málsins. Brást varnaraðili ekki við óskum kærunefndarinnar.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón sitt og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni á meðan sóknaraðili hafði umráð hennar.

Í málinu liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi ekið ógætilega, sýnt af sér gáleysi eða að öðru leyti ekið eða nýtt bifreiðina í ósamræmi við skilmála varnaraðila. Þá hefur ekkert verið lagt fyrir nefndina sem staðreynir að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í tjónamati [...], hvað þá aðra fjárhæð. Loks liggur ekki fyrir um hvort viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni. Fyrrgreint tjónamat, sem varnaraðili aflaði einhliða, dugar ekki eitt og sér til að sýna fram á fjárhagslegt tjón varnaraðila eða að sóknaraðili eigi að bera ábyrgð á því.

Er það mat kærunefndarinnar að varnaraðili hafi hvorki sýnt fram á að sóknaraðili beri ábyrgð á því tjóni sem varð á leigubifreiðinni né hvert sé raunverulegt fjárhagslegt tjón hans vegna þessa. Ekki verður séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 464.292 krónur frá sóknaraðila þann 29. janúar 2024. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um fulla endurgreiðslu.

Sóknaraðili gerir einnig kröfu um að lögreglan afhendi skriflega yfirlýsingu þess efnis að ökumaður hinnar bifreiðarinnar beri ábyrgð á því tjóni sem varð á leigubifreið sóknaraðila.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Samkvæmt c. lið 2. mgr. 3. gr. laganna gilda þau ekki um þjónustu í almannapágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Af framangreindu leiðir að kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

getur ekki tekið afstöðu til kröfu er snýr að þjónustu í almannapágu sem er ekki af efnahagslegum toga, líkt og löggæsla er.

**VI**  
**Úrskurðarorð**

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 464.292 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Heiðrún Björk Gísladóttir